

L Ö G

30

6. maí

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan má leggja frá 10 til 350 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Álagningu þessu skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli.

Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja án hagnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 69 7. sept. 1943 og nr. 17 12. marz 1947 eru úr gildi numin.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

31

9. maí

um breyting á lögum nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laga nr. 42 1948 orðast þannig:

Hver sá, er til landsins kemur frá útlöndum, skal gefa tollyfirvöldunum sundurliðaða skýrslu um þann gjaldeyri, er hann hefur meðferðis. Skulu einstaklingar búsettir hér á landi skila þeim gjaldeyri, sem þeir eiga, til þeirra banka, er rétt hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri, og greiða þeir andvirðið í íslenskum krónum.

Einstaklingar búsettir erlendis skulu við komu sína til landsins undirrita yfirlýsingu um, að þeir selji gjaldeyri aðeins til þeirra stofnana, sem rétt hafa til gjald-eyrisverzlunar. Skal sala þeirra á gjaldeyri færð í vegabréf þeirra.

Hver sá, sem fer af landi burt, skal gefa skriflega skýrslu um gjaldeyri þann, er hann hefur meðferðis, og gera grein fyrir, að hans hafi verið aflað á löglegan hátt.